

Reglur Vesturbyggðar um niðurgreiðslur vegna daggæslu barna í heimahúsum

1.gr.

Foreldrar/forráðamenn og barn skulu eiga lögheimili í Vesturbyggð og barn þarf að náð 6 eða 9 mánaðar aldri. Miðast þetta við hámarksrétt fæðingarorlofs foreldra sem er 9 mánuðir hjá sambúðaraðilum/hjónum en 6 mánuðir hjá einstæðu foreldri.

2.gr.

Greitt er fyrir börn að tveggja ára aldri. Miðað er við aldurstakmark í leikskóla. Komist barn ekki að á leikskóla eftir tveggja ára aldur skulu niðurgreiðslur halda áfram þar til leikskólapláss fæst.

3.gr.

Dagforeldri sem tekur barn í gæslu skal hafa leyfi Vesturbyggðar svk. reglugerð frá Félagsmálaráðuneyti nr. 198/1992 og að fyrir liggja þjónustusamningur milli dagforeldris og Vesturbyggðar. Dagvistun er þá aðeins niðurgreidd að barn sé vistað hjá dagforeldri með starfsleyfi frá Vesturbyggð.

4.gr.

Niðurgreiðslur miðast við fjölda tíma í vistun á dag. Ekki er niðurgreitt fyrir minna en 4 klst. gæslu á dag. Ekki er niðurgreitt fyrir máltíðir á vistunartíma. Upphæð niðurgreiðslu fer eftir félagslegum aðstæðum, niðurgreiðslur til foreldra í sambúð/hjónabandi, og niðurgreiðslur til einstæðra foreldra, foreldrar eru báðir öryrkjar og foreldrar eru báðir í námi.

5.gr.

Þegar barn byrjar í dagvistun tilkynna foreldrar dagforeldri að þeir óski niðurgreiðslu og dagforeldri sendir til Vesturbyggðar útfyllt eyðublað, þar sem fram kemur nafn og kennitala barns, hjúskaparstaða foreldra, daglegur dvalartími, og staðfesting foreldra með áritun um að barnið sé í daggæslu hjá viðkomandi. Niðurgreiðsla kemur til frádráttar frá dagvistunargjaldi og rennur til dagforeldris.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að foreldrar hafi sótt um leikskólapláss á leikskólum sveitarfélagsins og beðið sé eftir pláss þar.

6.gr.

Foreldrar skulu staðfesta vistun barns mánaðarlega á eyðublaði Vesturbyggðar.

7.gr.

Nauðsynlegt er að foreldrar láti dagforeldri vita ef barn er haldið sjúkdómi og/eða barn þarf á lyfjagjöf að halda á meðan vistun stendur. Foreldrar láti dagforeldri vita af hugsanlegu fæðuóþoli barn síns og fylgist með útgáfu matseðla sem skulu gefnir út fyrirfram fyrir hvern mánuð.

8.gr.

Niðurgreitt er fyrir daggæslu 11 mánuði ársins. Niðurgreiðsla rennur til dagforeldra skv. þjónustusamningi sem skilar inn eyðublöðum til Vesturbyggðar mánaðarlega. Nánar er kveðið á um þetta í þjónustusamningi. Foreldrar skulu greiða dagvistunargjald í upphafi hvers mánuðar skv. samningi um daggæslu við dagforeldri.

9.gr.

Veitt er 25% viðbótar niðurgreiðsla ef um systkini er að ræða í daggæslu. Ef systkini er á leikskóla er veittur systkinaafsláttur af leikskólagjaldi. Sækja þarf um afslátt til félagsmálafulltrúa.

10.gr

Verði foreldrar/forráðamenn varir við að eitthvað sé athugavert við umsinningu barns í umsjá dagforeldris ber að ræða það við dagforeldri. Verði ekki breyting á skal foreldri snúa sér til félagsmálafulltrúa Vesturbyggðar. Bent er á tilkynningarskyldu almennings skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 fái foreldri upplýsingar um að eitthvað sé mikið að varðandi aðbúnað og umsinningu barna í gæslu dagforeldris.

11.gr.

Verði dagforeldrar og foreldrar uppvísir að rangfærslum við tímaskráningar barna vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum verður dagforeldri svipt leyfi til daggæslu með mánaðar fyrirvara og niðurgreiðslur til viðkomandi foreldra falla niður.

12.gr.

Önnur ákvæði:

- a. Foreldrar skulu gefa barni sínu nauðsynlegan aðlögunartíma í samráði við dagmóður, í minnst viku. Skal foreldri dvelja með barni sínu fyrstu dagana.
- b. Foreldrar skulu láta dagforeldri vita af daglegum venjum barns áður en vistun hefst. Í lok dags mun dagforeldri ræða um hvernig dagurinn gekk fyrir sig við foreldra.
- c. Foreldrar skulu gefa dagforeldri upplýsingar um hvar hægt er að ná til þeirra á gæslutíma og láta vita þegar breytingar verða á.
- d. Foreldrar skulu tilkynna forföll barns til dagforeldris í síðasta lagi samdægurs.
- e. Foreldrar skulu ekki setja börn sín sem eru með hita eða haldin augljósri vanlíðan til dagforeldris. Dagforeldri ber að tilkynna strax til foreldra ef grunur vaknar um barn í forsjá þess sé að veikjast.
- f. Foreldrar bera ábyrgð á því að barn þeirra sé ávallt vel klætt og hafi föt til skiptana. Foreldrar skulu láta dagforeldri bleyjur og annað það sem til þarf í té, t.d. pela, þurrmjólk ofl. Barn sem sefur úti í vagni skal ávallt vera klætt í samræmi við veður og vagn þess með viðunandi hlífum.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 17. október 2007.